

Nefndarálit

um till. til þál. um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Íslenskri málnefnd, Útlendingastofnun, Orðabók Háskólans og Þór Vilhjálmsyni.

Með tillöggunni er lagt til að forsætisráðherra verði falið að setja á fót nefnd sem hafi það verkefni að athuga réttarstöðu íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi. Nefndinni verði jafnframt falið að gera grein fyrir réttarstöðu þjóðtungna og annarra mála í grannríkjum Íslands og að skoða sérstaklega stöðu íslensks tákn máls og tungumála nýbúa hér á landi.

Nefndin telur málið allrar athygli vert og mikilvægt að ráðist verði í þá vinnu sem tillagan gerir ráð fyrir. Örar breytingar í alþjóðasamfélagi kalla á að réttarstaða þjóðtungunnar verði skýrð og skerpt, en margar þjóðir jafnt innan sem utan Evrópu hafa nú verulegar áhyggjur af stöðu þjóðtungna sinna. Þá skipta óskir heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra um viðurkenningu á íslenska tákn málinu sem móðurmáli sínu einnig verulegu máli í þessum efnum þar sem ljóst þarf að vera hver réttarstaða íslenskunnar er svo að komið geti til álita að gera íslenska tákn málið jafnrétt hátt íslensku.

Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Gunnar Birgisson, Árni R. Arnason og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 2004.

Dagný Jónsdóttir,
frsm.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Katrín Júlíusdóttir.

Kolbrún Halldórsdóttir.

Mörður Arnason.

Sigurður Kári Kristjánsson.